

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í reglubundið sjóneftirlit sem og reglubundið dýravelferðar- og smitvarnaeftirlit hjá Arctic Sea Farm þann 18. ágúst 2026.

Sígt var með framleiðslustjóra og áhöfn Saltness út á eldissvæðið Gemlufall í Dýrafirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum eldismanna á eldissvæðinu. Meðal daglegra starfa var að fylla á fóðrara, tæma dauðfisk úr eldiskvíum og handháfa sveimara.

Veittur er frestur til 19. október 2026 til að ljúka úrbótum.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður	19/10/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Aðgengisstýring	19/10/2026
Dýravelferð- og smitvarnir - Fóðurgeymsla	19/10/2026
Dýravelferð- og smitvarnir - Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning	19/10/2026

Viðstödd heimsókn Arctic Sea Farm hf.
Kennitala viðtakenda 700807-0450
Skoðunarmaður Magnús Ingi Jónsson
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 30 mín.
Frágangur 2 klst.
Tímar við úttekt 3 klst. og 30 mín.
Akstur 2 klst.

Alvarlegt frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður

Frestur til úrbóta: 19/10/2026

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk, þjónustuaðilar og gestir geta skipt um hlífðarfatnað og skóbúnað. Gestum og eftirlitsaðilum skal afhentur hlífðar- og skófatnaður til notkunar í klak- og eldisrými eldisstöðvar. Þar skal og vera hreinlætisaðstaða. Hlífðar- og skófatnaður sem starfsmenn eldisstöðva nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega."

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrifaáætlun og þrifaskráningu á búningsaðstöðu sem og þrifaáætlun fyrir fatnað til þess að geta staðfest að þrif og sótthreinsun fari fram. Eftirlitsþegi gat ekki framvísað gögnunum.

Búningsaðstaða á Þingeyrarhöfn uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018. Búningsaðstaðan sem eftirlitsmönnum var sýnd er bæði notuð fyrir Gemlufall og Haukadalsbót en samkvæmt 15 gr. fyrrnefndrar reglugerðar skulu búningsklefar vera í hverri eldisstöð. Einungis ein hurð er á gámnum og flæði í gegnum búningsaðstöðu því ekki skýrt, aðstaða til handþvottar og sótthreinsunar var ekki til staðar, né lögð áhersla á að sótthreinsun sé fylgt eftir. Engin afmörkun er milli hreins og óhreins svæðis auk þess sem hreinlætisaðstaða er ekki til staðar.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Aðgengisstýring

Frestur til úrbóta: 19/10/2026

Í viðauka 1, hluta 3, lið 3a. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar evrópusambandsins nr. 2020/691 kemur fram að: "Mörk fiskeldisstöðva verða að vera skýrt afmörkuð og aðgengi manna að aðstöðu fyrir dýr verður að vera stjórnað". Í viðauka 1, hluta 1, lið 1a(i) í sömu reglugerð kemur einnig fram að a) "Sótthreinsunarstöðvar skulu vera settar upp á mikilvægum stöðum í fiskeldisstöðinni".

Ekki voru til staðar sýnileg sótthreinsiskilti né aðstaða til handþvottar og sótthreinsunar við innganga búningsaðstöðu, starfsmannaaðstöðu í Bola og fóðurgeymslu og því skráist frávík á þennan hátt.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Fóðurgeymsla

Frestur til úrbóta: 19/10/2026

15 gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum segir að "Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum eldisstöðvar og vera með séringangangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við móttöku fóðurs og annarra aðfanga skal gæta að smitvörnum og meindýravörnum. Fóðurgeymsla og aðgengi að henni skal vera hreint og þurr og tryggt að fóður mengist ekki, þannig að eldisdýrum geti stafað smithætta af. Fóðurbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á mengun sé í lágmarki."

Ekki voru til staðar merkingar sem fóru fram á sótthreinsun í fóðurgeymslu.

Engin aðstaða var til handsótthreinsunar né fótabaðs við aðkomu að fóðurgeymslu.

Ljóst er einnig að meindýravörnum er ábótavant í fóðurgeymslu þar sem gildir voru ekki sjáanlegar við inn og útganga húsnæðisins. Í verklagi um meindýravarnir fyrir fóðurgeymslu, sem eftirlitsmenn fengu afhent eftir eftirlitið, er til staðar yfirlitsmynd um hvar gildir eiga að vera staðsettar og geta eftirlitsmenn staðfest að í það minnsta fjórar þeirra voru ekki á sínum stað.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík

Dýravelferð- og smitvarnir
Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning

Frestur til úrbóta: 19/10/2026

Í 6. gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum kemur fram að eftirlitsþega sé skilt að skrá alla lyfjanotkun.

Svæfilyf voru geymd í læsanlegum skáp en skráningar á notkun svæfilyfs hafa ekki verið skráðar.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 18/08/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 24/08/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 4 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávík og 3 frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Dýravelferð- og smitvarnir: 12 af 16 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af voru 3 frávík og 1 alvarlegt frávík.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á [Ísland.is](#).

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir

- | | | |
|------------------------------|-------------------------|--------------------------------------|
| • Verklagsreglur | • Merkingar (cat2/cat3) | • Heilbrigði fiska |
| • Búningsaðstaða og fatnaður | • Aðgengisstýring | • Búnaður um borð í þjónustubát |
| • Þrif um borð í þjónustubát | • Fóðurgeymsla | • Dagbókarfærslur |
| • Dauðfiskaskráning | • Viðbragðsáætlanir | • Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning |

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

- Dýravelferð- og smitvarnir - Meltuvinnsla
- Dýravelferð- og smitvarnir - Þrif um borð í pramma
- Dýravelferð- og smitvarnir - Lyfjablandað fóður
- Dýravelferð- og smitvarnir - Starfsleyfi fyrir aukaafurðir dýra (ABP)